
VAL Á TÆKJUM OG TÓLUM

Mörg atriði þarf þarf að hafa í huga þegar verið er að velja tölvutækt efni til kennslu og velja þarf miðað við þær aðstæður sem við eru á hverjum stað, bæði tölvukost, fjármagn, nemenda- og kennarahópin. Fyrir grunnskólann er til þó nokkuð af kennsluhugbúnaði á íslensku sem er ýmist þýddur eða saminn hér á landi. Einnig hafa margir kennarar útbúið verkefni á vefsíðum. Fyrir framhaldsskólann er ekki til mikið á íslensku en þó hentar sumt af því sem er til fyrir fyrsta og annað ár. Flest efni í dag fyrir framhaldsskólann er því á ensku sem getur staðið notkuninni fyrir þrifum og krefst meiri undirbúnings af hálfu kennara ,t.d. að útbúa orðalista. Á háskólastigi er eðlilegt að gera kröfu um að nemendur geti nýtt sér kennslugögn á erlendum tungumálum.

- 1. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar?** Oftast er fjármagn af skornum skammti og þarf því að vanda valið þannig að það sem keypt er nýtist örugglega vel í kennslu. Stundum er kennsluhugbúnaður og aðgangur að vefsíðum ódýrari en við höldum og hægt að kaupa aðgang fyrir hóp af notendum gegn vægu gjaldi en stærri og sérhæfðari kerfi eru oft ansi dýr. Aðgangur að vefsíðum er oft ókeypis en þegar um er að ræða gagnvirkar síður eða gagnbanka er oft tekið gjald fyrir notkunina. Menntamálaráðuneytið hefur samið um landsaðgang að ýmsum gagnagrunnum fyrir íslenskt skólakerfi og er hægt að fá aðgang að þeim á www.hvar.is og á síðum bókasafna.
- 2. Hvaða stýrikerfi er á tölvunum í þínum skóla?** Flestir skólar eru með PC-tölvur með Windows stýrikerfi en nokkrir eru einnig með Macintosh tölvur. Nettengingar eru oftast með Novell eða NT stýrikerfi. Eldri vélar eru ekki alltaf með geisladrifi og ekki eru allar vélar tengdar Netinu. Kennarar þurfa að kynna sér þessi mál áður en keyptur er hugbúnaður eða aðgangur að vefsíðum til að vera vissir um að hugbúnaðurinn sé nothæfur á neti skólans.

-
3. **Hver á að nota hugbúnaðinn og vefsíðurnar?** Aldur og reynsla notandans skiptir miklu við valið. Þó að flestir geti notað hugbúnað eins og ritvinnslu þá veljum við mismunandi hugbúnað fyrir börn, unglinga og fullorðna. Hér eru mörg atriði sem þarf að taka tillit til, t.d. lestrar-kunnátta, málakunnátta eða grunnþekking sem þarf að vera til staðar til að geta nýtt sér hugbúnaðinn.

 4. **Hver eru markmið nemandans sem ætla að nota hugbúnaðinn?** Nemandi sem er að byrja í tungumálanámi þarf efni sem æfir undir-stöðuatriðin en nemandi sem er að nálgast stúdentspróf í máladeild gerir mun meiri kröfur. Við þurfum því að velja efni sem gerir mátulegar kröfur til nemandans, ekki of litlar því að þá leiðist honum en ekki heldur of miklar því að þá gefst hann upp.

 5. **Við hvaða aðstæður á að nota hugbúnaðinn og vefsíðurnar?** Stundum er gert ráð fyrir að 2-3 vinni saman við tölvuna en oft er gert ráð fyrir að notandinn sé einn á tölvu. Margir geisladiskar (CD) þurfa að vera í tölvunni á meðan verið er að nota þá og því þarf að kaupa einn fyrir hverja tölvu en oft er hugbúnaður einnig til í netútgáfu og þá geta margir unnið í einu án þess að hafa disk í drifinu og er það oftast besti kosturinn. Ef margir notendur nota samtímis sama hugbúnað þarf að ýmist að borga miðað við fjölda nemenda, fjölda tölva eða fjölda notenda sem geta unnið samtímis í tölvunum.

Hvaða þekkingu þarf kennarinn og/eða nemandinn að hafa til að geta notað tölvutækt efni? Þarf einhvern ákveðinn undirbúning til að geta notað hugbúnaðinn? Ef nota á töflureikni við tölfræðikennslu þá þurfa nemendur að hafa grunnþekkingu á töflureikni eða kennarinn að gera ráð fyrir tíma í að kenna þeim á forritið. Kennari sem ætlar t.d. að nota stærri kennslukerfi eins og WebCT þarf að fá leiðsögn í 6 - 10 tíma til að vera öruggur um helstu atriði í kerfinu. Reyndur kennari getur hugsanlega notað sama hugbúnaðinn á mismunandi vegu þannig að hæfileikar nemenda njóta sín. Óreyndur kennari getur þurft tíma og aðstoð til að nýta hugbúnað í kennslustund. Því þarf að gera ráð fyrir þeim tíma og kostnaði sem til þarf til að allir geti notað

hikstalaust þann hugbúnað sem verið er að velja. Með auknum tölvukosti innan og utan skóla dregur sífellt úr þeim tíma sem fer í að kenna á hugbúnað og hægt að skella sér strax í að nota tólin.

- 6. Hvernig hentar hugbúnaðurinn við kennslufræðilegar áherslur kennara?** Framboð á gagnvirkum kennsluhugbúnaði og vefsíðum er smám saman að aukast og til er sjálfstætt kennsluefni með gagnvirku námsmati og endurgjöf sem hentar til sjálfnáms. En oftast vantar verkefni til að tengja notkunina við kennsluna hverju sinni. Það er ekki nóg að segja nemendum að nota hitt eða þetta, það þarf að vera vel skipulagt hvað á að gera og hver útkoman á að verða. Oft þurfa kennarar því að útbúa verkefni í tengslum við notkun á hugbúnaðinum til að sníða hana að kennslunni hverju sinni.